



Nýtt starfsnám í hellulögnum og umhírðu grænna svæða

## Spennandi valkostur

-segir Magnús Bjarklind

Undanfarið ár hefur Efling unnið, ásamt nokkrum aðilum, að nýju starfsnámi fyrir almenna starfsmenn sem sinna uppbyggingu og umhírðu útisvæða. Í þessum störfum er að finna töluverðan fjölda félagsmanna Eflingar. Námið verður nú í boði í fyrsta sinn í haust. Tækniskólinn og Horticum menntafélag ehf. sjá um framkvæmd námsins. Við spurðum Magnús Bjarklind, framkvæmdastjóra Horticum nánar um námið.

Námið er mjög spennandi valkostur fyrir almenna starfsmenn sem vilja auka þekkingu sína og færni m.a. á hellulögnum og umhírðu grænna svæða. Nám af þessu tagi hefur lengi verið í boði á hinum Norðurlöndunum og er á fagsviði skrudgardyrkju. Við sem störfum í greininni höfum lengi haft áhuga á að geta boðið upp á sambærilegt nám hér á Íslandi. Námið er þannig uppbyggt að menn geti sífellt bætt við sig stigum, svipað og í vélstjóranámi. Að loknu hverju stigi fá menn skírteini sem tiltekur hvað þeir hafa lært og hvaða verk þeir eru færir um að sinna, segir Magnús. Ætlunin er að fá námið metið til eininga sem menn geta síðan tekið áfram inn í annað nám á framhaldsskólastigi, t.d. fagnám í skrudgardyrkju.

Til að byrja með verður boðið upp á nám í fjórum hlutum eða stigum, 2 stig í steinlögnum og 2 stig í umhírutækni en

Við sem störfum í greininni höfum lengi haft áhuga á að geta boðið upp á sambærilegt nám hér á Íslandi

að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að menn taki bara eitt stig af þessum fjórum. Hvert stig er 125 kennslustundir og er kennt á kvöldin, nokkur kvöld í viku og fáeina laugardaga, þar sem áhersla er á verklega kennslu. Þó að menn taki bara eitt stig í byrjun, þá er öll menntun í þessum geira af hinu góða og til bóta. Það hefur hins vegar sýnt sig að menn vilja gjarnan bæta við sig meiri menntun þegar fyrsta skrefinu er náð, segir hann.

### Af hverju er leitað til Tækniskólans sem samstarfsaðila?

Í fyrsta lagi hefur Tækniskólinn sýnt þessum hugmyndum mikinn áhuga og vilja til samstarfs, í öðru lagi þarf hagnýtt nám af þessu tagi góða aðstöðu sem Tækniskólinn getur boðið. Tækniskólinn hefur góða aðstöðu í flugskýli á Reykjavíkurlflugvelli þar sem hægt er að vera bæði með bóklega og verklega kennslu. Við leggjum mikla áherslu á verklega kennslu og að hafa slíka aðstöðu nálægt okkur. Við erum í reynd að bjóða fyrsta stig í iðnnámi, skrudgardyrkju, og í iðnnámi ber Tækniskólinn höfuð og

herðar yfir aðra aðila hvað snertir reynslu og framboð á iðnnámi.

### Hverjir aðrir hafa verið í samstarfi við ykkur?

Það er í raun Félag skrudgardyrkjumeistarara, Samtök iðnaðarins og BM Vallá sem eru hvatamenn að þessu námi. Skrudgardyrkjumeistarar munu koma að kennslu í náminu í töluverðum mæli og jafnvel leggja til áhöld þar sem það á við. Þeim er umhugað um að bæta menntun og fagmennsku í greininni. Hellu- og steypuframleiðendur eru einnig með okkur í þessu þ.e. BM Vallá og Steypustöðin. Einnig hefur Starfsmenntaráð stutt okkur og styrkt við uppbyggingu námsins. Síðast en ekki síst hefur stuðningur Eflingar stéttarfélags verið okkur ómetanlegur í þessu ferli.

Námið hefur verið kynnt víða, m.a. fyrir öðrum fagfélögum t.d. FIT, félagi iðn- og tæknigreina og hjá SÍGÍ, Samtökum íþrótt- og golfvallastarfmanna á Íslandi. Við höfum allsstaðar fundið fyrir miklum velvilja og áhuga enda ljóst að við þurfum að gera átak í menntunarmálum þessarar starfsgreinar, sagði Magnús Bjarklind að lokum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Tækniskólans, [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is) undir Endurmenntun og á heimasíðu Horticum menntafélags [www.horticum.is](http://www.horticum.is). Fræðslusjóðir Eflingar koma að fjármögnun námsins.